

Nýsköpun & neytendur
Consumers & Products

Vinnsla & virðisaukning
Value Chain & Processing

Erfðir & eldi
Genetics & Aquaculture

Líftækni & lífefni
Biotechnology & Biomolecules

Mælingar & miðlun
Analysis & Consulting

Öryggi & umhverfi
Food Safety & Environment



Bætt nýting sjávarafla

Sjöfn Sigurgísladóttir
Sveinn Margeirsson
Sigurjón Arason
Jónas R. Viðarsson

Vinnsla og vörupróun

Skýrsla Matís
2. útgáfa 5. maí 2010

ISSN 1670-7192

Report summary

<i>Titill</i>	Bætt nýting sjávarafla		
<i>Höfundar</i>	Sjöfn Sigurgísladóttir, Sveinn Margeirsson, Sigurjón Arason og Jónas R. Viðarsson		
<i>Skýrsla</i>		<i>Útgáfudagur:</i>	2. útgáfa 5. maí 2010
<i>Verknr.</i>			
<i>Styrktaraðilar:</i>	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið		
<p>Skýrsla þessi er unnin fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og er hún hugsuð sem innlegg í vinnu ráðuneytisins við endurskoðun á stefnu varðandi nýtingu sjávarafla.</p> <p>Efni skýrslunnar skiptist í tvo meginþætti þar sem í fyrri hlutanum er tekið stöðumat á nýtingu og verðmætasköpun þorskafla með tilliti til sjófrystingar, landvinnslu og gámaúflutnings; en í seinni hlutanum er leitast við að bera kennsl á hvar helstu sóknarfæri séu til bættrar nýtingar og aukinnar verðmætasköpunar á bolfisksafla. Við gagnaöflun var aðallega leitað í afla- og ráðstöfunarskýrslur Fiskistofu og útflutningsgögn Hagstofunnar fyrir árin 2008 og 2009.</p> <p>Árið 2008 veiddu íslensk skip 151 þúsund tonn af þorski sem úr voru unnin rúmlega 90 þúsund tonn af afurðum að verðmæti um 61 milljarðar króna. Um 75% aflans fór til landvinnslu, 20% var sjófryst og rúmlega 5% var flutt út óunnið í gámum. Talsverður munur var á nýtingatölum í landvinnslu og sjóvinnslu þar sem flakanýting, hausanýting og nýting á aukaafurðum var lakari hjá frystitogarafлотanum.</p> <p>Ýmsar ástæður liggja að baki þeirri staðreynd að nýting afla af frystiskipum er lakari en í landvinnslu, en þó má ljóst vera að sóknarfæri séu fólgin í að auka nýtingu hjá frystitogarafлотanum. Sem dæmi um hvar slík tækifæri liggja má nefna að hausanýting hjá flakafrystitogurum er 30-36%, en í flakavinnslu í landi er hún 26-30%. Þar að auki kemur aðeins lítil hluti frystitogarafлотans með hausana í land. Einnig ætti að vera unnt að koma með meira af öðrum aukaafurðum í land en nú er gert t.d. afskurð, marning, hryggi, lifur, hrogn, svil o.fl.</p> <p>Mikið hefur áunnist varðandi nýtingu í landvinnslu á undanförunum misserum en þó eru enn til staðar tækifæri til úrbóta. Mest framþróun í bættri nýtingu hefur orðið í vinnslu á þorskafurðum, en nýting á aukaafurðum í vinnslu á öðrum tegundum hefur ekki náð að fylgja þar eftir, enda eftir mestu að slægjast í þorskinum. Ánægjuleg þróun hefur til dæmis orðið á síðustu þremur árum í niðursuðu á lifur, sem hefur tvöfaldast í magni frá árinu 2006.</p> <p>Mikið magn af fiski er flutt út óunnið í gámum á ári hverju, en hátt fiskverð á mörkuðunum í Bretlandi og Þýskalandi gerir það að verkum að útgerðarmenn sjá sér ekki hag í að selja fiskinn til vinnslu innanlands. Mögulegt væri að auka útflutningsverðmæti að minnsta kosti hluta þessa afla með því að vinna hann hérlendis.</p> <p>Þrátt fyrir að bætt nýting sé mikilvæg má ekki gleyma því að magn og gæði fara ekki alltaf saman, því er ekki síður mikilvægt að hámarka hlutfall afurða sem fara í dýrustu afurðaflokkana. Til að það sé hægt þarf að tryggja rétta meðferð í gegnum alla virðiskeðjuna þar sem gæði eru hámarksuð á öllum stigum veiða, vinnslu og flutninga.</p>			

Efnisyfirlit

1	Inngangsorð	4
2	Staðan í dag	5
2.1	Verðmæti þorskafla	5
2.2	Frystiskip	7
2.3	Landvinnsla	9
2.4	Útflutningur á heilum fiski	10
3	Nýting til framtíðar	12
3.1	Nýting hráefnis sem fellur til um borð í frystiskipum	13
3.1.1	Afskurður	13
3.1.2	Hausar	15
3.1.3	Hryggir/beingarðar/dálkar	16
3.1.4	Hrogn, svil og lifur	17
3.2	Nýting hráefnis sem fellur til við vinnslu í landi	17
3.2.1	Lifur	17
3.2.2	Hrogn	18
3.2.3	Svil	19
3.2.4	Hausar	19
3.3	Nýting á fiski sem í dag er fluttur út heill (gámafiskur)	19
3.4	Veiðar smábáta	21
4	Umræða	22
	Viðaukar	23
	Heimildaskrá	31

1 Inngangsorð

Skýrsla þessi er unnin fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, en henni er ætlað að aðstoða við vinnu við endurskoðun á stefnu varðandi nýtingu sjávarafla. Þessi útgáfa skýrslunnar er uppfærð útgáfa frá því í febrúar sl. þar sem stuðst er við nýrri gögn en áður og tekið hefur verið, að ákveðnu marki, tillit til athugasemda sem bárust við fyrri útgáfu.

Gerð skýrslunnar á sér nokkuð langan aðdraganda, en vinna við hana hófst á vordögum 2009. Upphaflega var stefnt að ítarlegri greiningu á þeim möguleikum sem taldir voru til aukinnar verðmætasköpunar, sér í lagi varðandi þorskafla, út frá rauntölum frá Hagstofu og Fiskistofu. Greiningarvinna á gögnum þessara tveggja stofnana leiddi í ljós að nokkurt ósamræmi var á milli þeirra gagna sem hvor stofnun lét af hendi, að líkindum sökum þess að annarsvegar var um að ræða vigtargögn en hins vegar útflutningsgögn. Þetta tafði vinnu verulega og gerði hana ómarkvissari en vonir höfðu staðið til. Eftir ítrekaðar fyrirspurnir og beiðnir um aðgang að nákvæmari gögnum (t.d. grunngögnum einstaka fyrirtækja) hjá Hagstofu og Tollstjóra, fengust loks þau svör að ekki væri hægt að veita aðgang að umbeðnum gögnum vegna trúnaðar (sjá viðauka 1).

Á grundvelli fyrrnefndrar óvissu um gæði gagna var skömmu fyrir áramót 2009-2010 ákveðið að byggja gerð skýrslunnar á því að allur afli komi að landi, óháð því hvort um ísfisk eða sjófrystingu væri að ræða. Megináhersla var lögð á að greina þá möguleika sem eru fyrir hendi varðandi nýtingu á hráefni.

Í framhaldi af þessari skýrslu mælast höfundar til þess að farið verði í frekari greiningu á nýtingu sjávarafla. Þar er mikilvægt að lagt verði mat á hagkvæmni mismunandi nýtingarleiða, markaðir skoðaðir frekar, sem og hagkvæmnisathugun mismunandi nýtingarleiða. Þá er jafnframt mikilvægt að haft verði samráð við hagsmunaðila í greininni, t.a.m. hagsmunasamtök, einstök sjávarútvegsfyrirtæki og aðila sem stunda markaðssetningu afurða. Að lokum er mikilvægt að farið verði yfir söfnun og skráningu gagna er varða veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða og þar verði haft samstarf við Hagstofu, Tollstjóra og Fiskistofu.

Miklu máli skiptir að nýta sjávarafla með hagkvæmum hætti og með því skapa hámarks verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar og nauðsynlegrar efnahagslegrar endurreisnar. Í þeirri endurreisn munu spila stórt hlutverk nýting auðlinda og virkjun mannauðs.

2 Staðan í dag

Þorskur hefur um árabil verið mikilvægasta fisktegund Íslendinga, en á síðustu árum hefur 35-40% útflutningsverðmæta sjávarfangs komið frá þorskafurðum (Hagstofan 2010)¹ (sjá viðauka 2). Hátt verð þorskafurða hefur haft í för með sér að nýting þorsks sem hráefnis er almennt mjög góð, í samanburði við flestar aðrar tegundir. Sökum þessa er lögð megináhersla á þorsk og nýtingu hans í þessari úttekt. Þó ber að sjálfsgöðu að hafa í huga að aðrar tegundir skipta miklu máli og verður tekið mið af því við frekari vinnu.


2.1 Verðmæti þorskafla

Á árinu 2008 veiddu íslensk skip um 151 þúsund tonn af þorski upp úr sjó (um 127 þús. tonn slægt). Uppistaða aflans fór til frekari vinnslu í landi, en um 30 þúsund tonn fóru í vinnslu um borð í frystitögurum og rúm átta þúsund tonn fóru beint til útflutnings sem ferskur heill fiskur þ.e. gámafiskur. Af þeim 112 þúsund tonnum sem fóru til landvinnslu innanlands fóru 55 þúsund tonn í söltun, 40 þúsund tonn í frystingu og um 16 þúsund tonn til framleiðslu á ferskum afurðum. Tafla 1 sýnir í grófum dráttum ráðstöfun þorskafla (miðað við afla upp úr sjó) í mismunandi vinnsluleiðir. Taflan sýnir jafnframt það aflaverðmæti sem notað var til útreikninga á skiptaverðmæti þ.e. verð inn í hús hjá eigin vinnslu og/eða skilaverð frá mörkuðum þegar kostnaður hefur verið dreginn frá (Fiskistofa 2009)².

Tafla 1: Ráðstöfun þorskaflans 2008 eftir vinnsluleiðum

	Magn (Tonn)	Verðmæti (millj. kr)	Meðalverð (kr/kg)
Til vinnslu innanlands (bein viðskipti)	86.824	16.101	185
Í gáma til útflutnings	7.627	2.356	309
Sjófryst (til útflutnings)	28.855	7.198	249
Sjófryst (til endurvinnslu innanlands)	1.147	197	172
Á markað (í gáma til útflutnings)	736	186	252
Á markað (til vinnslu innanlands)	22.492	5.512	245
Fiskeldi	652	78	120
Landað erlendis	0	0	0
Aðrar löndunartegundir (VS afli)	3.120	608	195
Samtals	151.453	32.236	213

Úr þeim 151 þúsund tonna þorskafla sem veiddist á árinu 2008 voru framleidd rúm 90 þúsund tonn af afurðum, að verðmæti um 60 milljarðar króna (sjá viðauka 3). Af þessum 90 þúsund tonnum voru um 38% saltaðar afurðir, 12% landfryst flök, 11% þurrkaðar afurðir, 10% sjófryst flök, 9% fersk flök og bitar, 9% gámafiskur og restin ýmsar aukaafurðir t.d. lýsi, lifur, hrogn, afskurður, marningur, kinnar, gellur (sjá viðauka 3). Á Mynd 1 má sjá útflutningsmagn og verðmæti helstu afurðaflokka þorsks 2008 (Hagstofan 2009).³



Mynd 1: Magn og verðmæti þorskafurða 2008

Varasamt er þó að bera saman hráefnismagn og afurðamagn út frá þessum gögnum þar sem annarsvegar er um að ræða aflamagn upp úr sjó og hins vegar útfluttar afurðir. Til dæmis er ekki tekið tillit til birgðahalds í slíkum samanburði, breytileiki í slægingarhlutfalli og árstímabundnar sveiflur í vinnslueiginleikum geta haft áhrif á umreikning afurða eða landaðs afla yfir í afla upp úr sjó, auk þess sem einstaka tollskrárnúmer geta innihaldið meira en eina afurð og/eða afurðir af fleiri en einni fisktegund (dæmi: 03049924-Fiskafskurður, 03027029-Önnur fersk hrogn, þ.m.t. svil, 15041004-Lýsi úr fisklifur ót.a.). Einnig er rétt að hafa í huga að þorskafli upp úr sjó sem var ráðstafað til fiskeldis 2008 var 652 tonn þ.e.a.s. til áframeldis, en samkvæmt gögnum Landssambands fiskeldisstöðva var 1.502 tonnum af eldisþorski slátrað það ár þ.e. til vinnslu (Landssamband fiskeldisstöðva 2010⁴). Þetta sýnir berlega að samkeyrsla á gögnum Fiskistofu um aflamagn og gögnum Hagstofunnar um útfluttar afurðir beri að taka með varúð. Hvort gagnasafn um sig gefur hins vegar ágæta yfirsýn yfir það sem þeim er ætlað að mæla.

Með fyrirvara um ofangreinda vankanta á samkeyrslu þessara tveggja gagnagrunna er þó hægt að gera ákveðna nálgun á því hvert nýtingarhlutfall sé milli ákveðinna vinnsluleiða. Það er hins vegar alveg ljóst að ekki er hægt að taka samanburð milli nýtingahlutfalla vinnsluleiða allt of hátíðlega þar sem gögnin einfaldlega leyfa það ekki.


Ef það hráefni sem fór til landvinnslu, sjófrystingu og til útflutnings á ferskum heilum fiski, samkvæmt gögnum Fiskistofu, er borið saman við þær afurðir sem til urðu samkvæmt gögnum Hagstofunnar sést að nýting hráefnisins í landvinnslu var um 75%, í sjófrystingu 46% og í útflutningi á heilum ferskum fiski um 97% þ.e.a.s. massahlutfall miðað við slægt með haus (sjá viðauka 4). Þess ber þó að gæta að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir birgðahaldi þ.e. fiskur sem veiddur er 2008 en ekki seldur fyrir en 2009, en það er t.d. líklegasta skýringin á því að útflutningur á heilum ferskum fiski skuli ekki vera 100%. Við

útreikninga á þessu hlutfalli afla og afurða var reynt eftir megni að taka tillit til allra vinnsluleiða t.d. að hluti af afla frá sjófrystingu er notaður sem hráefni í landvinnslu (s.s. hausar, afskurður, hrogn, lifur ofl.). Hins vegar er mögulegt að einhverjar afurðir falli „á milli“ flokka í þessari skiptingu. Það er því mikilvægt að hafa í huga að hér er aðeins um ákveðna nálgun að ræða. Þetta sýnir þó að munur er á heildarnýtingu hráefnis eftir því hvort fiskur er unnin í landi eða á sjó.

2.2 Frystiskip

Á allra síðustu árum hefur íslenskum frystiskipum sem stunda bolfiskveiðar fækkað jafnt og þétt. Árið 1998 voru frystitogarar rúmlega 40 talsins og veiddu þeir 52 þúsund tonn af þorski það árið. Tíu árum síðar var tala bolfiskflakafrystitogara komin niður fyrir 30 og veiddu þeir samanlagt um 30 þúsund tonn af þorski það ár, að verðmæti rúmlega 7,5 milljarðar króna (Hagstofan 2010).⁵

Fiskveiðiárið 2008/09 voru íslensk frystiskip sem stunduðu botnfiskveiðar 26 talsins (Fiskistofa 2010)⁶. Þessi skip veiddu samanlagt um 117 þúsund tonn innan lögsögunnar, en auk þess veiddu þau töluvert magn af þorski og ýsu í norskrri og rússneskrri lögsögu. Á Mynd 2 má sjá hvernig afli þessara skipa innan íslenskrar lögsögu skiptist milli tegunda.




Mynd 2: Tegundaskipting afla íslenskra frystiskipa innan íslenskrar lögsögu 2008/09

HB Grandi var sú frystiskipaútgerð sem fiskaði mest á fiskveiðiarinu 2008/09, en ef afli frystiskipa útgerðarinnar í íslenskrri lögsögu og þorskafla í norskrri og rússneskrri lögsögu er skoðaður var fyrirtækið með u.þ.b. fjórðung af heildaraflanum. Í Töflu 2 má sjá hvernig heildaraflinn í íslenskrri lögsögu auk þorskafla í norskrri og rússneskrri lögsögu skiptist á milli fyrirtækja. Frekari upplýsingar um afla og afurðir frystiskipa á fiskveiðiarinu 2008/09 má sjá í viðauka 5 og 6.

Tafla 2: Hlutfall frystiskipaútgerða í heildarbotnfiskafla 2008/09

Útgerð	Hlutfall af heildarafla	FJ. Skipa
HB Grandi	24,6%	5
FISK-Seafood	12,5%	3
Þorbjörn	10,5%	3
Brim	10,4%	3
Rammi	9,5%	2
Ögurvík	7,3%	2
Samherji	5,6%	2
Stálskip	5,6%	1
Nesfiskur	3,7%	1
HG	3,3%	1
SVN	3,2%	1
Frosti	2,5%	1
Fiskkaup	1,4%	1
	100,0%	26

Útflutningsmagn þorskafurða frá sjófrystingu dróst saman um u.þ.b. helming á árunum 1999-2008, en þeirri þróun var snúið við á síðastliðnu ári eins og sjá má á Mynd 3. Einnig má sjá á myndinni það hlutfall þorskafurða í þessum útgerðaflokki sem farið hefur á Bretlandsmarkað, en það er langsamlega sterkasti markaður Íslendinga fyrir sjófrystar þorskafurðir.



Mynd 3: Útflutningsmagn sjófrystra þorskafurða 1999-2009

Um 77% af 28 þúsund tonna þorskafla þessa úrgerðaflokks fiskveiðiárið 2008/09 fékkst innan íslenskrar lögsögu, 17% í norskri lögsögu og 9% í rússneskri lögsögu (Fiskistofa 2010)⁷. Algengasti afurðaflokkurinn var roðlaus flök með beini, en í öðru sæti komu roðlaus og beinlaus flök eins og sjá má í Töflu 3.

Tafla 3: Þorskafurðir frystiskipa (í tonnum) fiskveiðiárið 2008/09

Afurð	Innan lögsögu	Utan lögsögu	Alls	Hlutfall
Ísfiskur	1.522		1.522	9,8%
MR/MB	954	324	1.278	8,2%
RL/BL	2.996	761	3.757	24,1%
RL/MB	4.171	1.993	6.164	39,6%
Heilfrystur	522		522	3,4%
Hausaður	137	92	229	1,5%
Undirmál	171	4	175	1,1%
Hausar	484	84	567	3,6%
Afskurður	849	332	1.181	7,6%
Hrogn	101	38	138	0,9%
Lifur	29		29	0,2%
Alls	11.935	3.628	15.563	100,0%

Einn frystitogarinn í hópnum landaði hluta af þorskafla sínum ferskum, sum frystiskip sem einbeittu sér að veiðum á grálúðu og karfa heilfrystu þorskafla sinn og flest skipanna heilfrystu undirmálið (bæði með og án hauss). Einungis sjö skipanna komu í land með hausa og aðeins eitt skip landaði frosinni lifur (sjá viðauka 6).


2.3 Landvinnsla

Árið 2008 var um 53% af 474 þúsund tonna* botnfiskafla landsmanna ráðstafað til landvinnslunnar, en rúmlega 32% var fryst út á sjó og tæplega 15% var flutt út óunnið í gámum (Hagstofan 2010).⁸ Einnig aflaði landvinnslan hráefnis erlendis frá, auk þess sem hún fékk til vinnslu hluta af afla frystitogaranna þ.e.a.s. heilfrystan fisk til áframvinnslu og ýmsar aukaafurðir. Mikill munur er á því hversu hátt hlutfall heildarafla í hverri tegund er unnið í landi, en sem dæmi þá fór um 75% þorskafla ársins 2008 til vinnslu í landi, 62% steinbítaflans, 53% ýsuaflans, 46% ufsaaflans, 23% karfaaflans og 1% grálúðuaflans.

Nýting hráefnis í landvinnslu er almennt mjög góð og hafa orðið umtalsverðar framfarir á því sviði á síðustu misserum. Sér í lagi hefur tekist vel að hámarka nýtingu í þorskvinnslu, en einnig hefur töluvert áunnist í bættri nýtingu annarra tegunda. Árið 2008 var tæpum 115 þúsund tonnum af þorski ráðstafað til landvinnslunnar, en helstu afurðir hennar eru eftirfarandi:

- Fersk flök og bitar
- Frystar vörur
- Léttsaltaðar vörur
- Salfiskur
- Aðrar afurðir (hausar, hryggir, skreið, lifur, hrogn, svil, marningur, afskurður, roð ofl.)

* Afli upp úr sjó




Mynd 4: Þróun útflutningsmagns fjögurra stærstu afurðaflokka þorsks úr landvinnslu 1999-2009

Mikið hefur áunnist í bættri nýtingu þorskafurða í landvinnslu á síðustu árum og áráthugum. Hráefnismeðferð hefur lagast mikið í allri virðisikeðjunni þannig að í dag er hægt að nýta mjög stóran hluta aflans til framleiðslu á verðmætustu afurðunum. Tekist hefur til dæmis að auka geymsluþol og gæði ferskfisks með bættem kæliferlum, verkunarnýting saltfisks hefur verið aukin gríðarlega með nýjum verkferlum og vinnsluaðferðum. Flakanýting hefur aukist samfara þróun á hausurum, flökunarvélum, roðflettivélum o.s.frv. Einnig hefur nýting aukahráefna tekið miklum framförum á allra síðustu árum. Hausar eru til dæmis nýttir í framleiðslu á gellum, kinnum og fésunum, auk þess að vera þurrkaðir í skreið. Lifur er brædd í lýsi, soðin niður í dósir eða nýtt í lifrarkæfu. Hrogn eru nýtt í mismunandi vinnslu eftir gæðum þ.e.a.s. fryst, söltuð, sykursöltuð eða niðursoðin/niðurlögð. Hryggir eru þurrkaðir, afskurður og þunnildi söltuð, og jafnvel roð og innnyfli eru nýtt til framleiðslu fyrir fata-, hönnunar- og líftækniíðnaðinn.

Þrátt fyrir miklar framfarir í nýtingu hráefnis á undanförunum misserum er þó vert að hafa í huga að ávallt er hægt að gera betur og að ólíklegt er að nokkurn tíma verði komið að endastöð hvað það varðar. Ekki er einvörðungu mikilvægt að nýta allt hráefni til fulls á arðbæran hátt, heldur einnig að úr því séu unnar sem verðmætastar afurðir. Þar hefur hráefnismeðferð, verkunaraðferðir, vinnsluferlar og tilkoma nýrrar tækni mikið að segja.


2.4 Útflutningur á heilum fiski

Allnokkurt magn af heilum („óunnum“) fiski er flutt út á ári hverju. Þar ber hæst svokallaðan gámafisk, en einnig er nokkuð flutt út af frosnum heilum fiski og frosnum hauskornum fiski. Útflutningur gámafisks hefur verið nokkuð umdeildur á síðustu misserum, enda hefur verið um mikið magn að ræða sem farið hefur óunnið úr landi á þennan hátt á síðustu árum. Langsamlega mest hefur verið flutt út af ýsu á þennan máta, en einnig hefur verið um að ræða töluvert magn af karfa, þorski, steinbít, skarkola og fleiri tegundum. Árið 2008 fór 77% af gámaútflutningi til Bretlands þar sem fiskurinn var aðallega seldur á uppboðsmörkuðum í Hull eða Grimsby, um 16% fór til Þýskalands þar sem fiskurinn var aðallega seldur á fiskmarkaðinum í Bremerhaven og um 2,5% fór til Frakklands og Belgíu, en megnið af þeim útflutningi fór fram í beinum viðskiptum. Á Mynd 5 má sjá þróun gámaútflutnings eftir löndum á heilum ferskum fiski 1999-2009.



Mynd 5: Þróun gámaútflutnings eftir löndum 1999-2009

Í grófum dráttum má segja að karfi, ufsi og blálanga, ásamt hluta af steinbítum, fari til meginlands Evrópu, en að aðrar tegundir fari til Bretlands. Um 30 þúsund tonn af ýsu (miðað við afla upp úr sjó) voru flutt út á þennan máta árið 2008, sem samsvarar 29% af heildaraflamagni af þeirri tegund. Eins og sjá má á Mynd 6 voru um 75% gámaútflutnings ársins 2008 ýsa, karfi og þorskur. Rétt er að hafa í huga að yfirleitt er aðeins stór karfi fluttur út, en sá smærri fer til vinnslu hér innanlands.



Mynd 6: Tegundaskipting gámafisks 2008

Þrátt fyrir að hátt hlutfall ýsuaflans sé flutt á þennan hátt úr landi þá er hlutfallið þó enn hærra í skötusel, skarkola, lúðu og steinbít, eins og sjá má í Töflu 4.

Tafla 4: Gámafiskur 2008

Tegund	Gámaútl. (tonn)	Heildarafli (tonn)	Hlutfall gámaútl.
Þorskur	8.484	151.484	5,6%
Ýsa	29.648	102.378	29,0%
Ufsi	1.399	70.119	2,0%
Karfi	13.939	69.590	20,0%
Steinbítur	4.775	14.559	32,8%
Skötuselur	2.339	2.942	79,5%
Lúða	167	476	35,1%
Skarkoli	2.796	6.720	41,6%

Tiltölulega fáir útflytjendur standa fyrir meginþorra gámaútlutningsins og eru flestir þeirra umsvifamestu staðsettir í Vestmannaeyjum og á Grundarfirði. Í grófum dráttum má skipta útflytjendunum upp í eftirfarandi fjóra flokka (Fiskistofa 2010)⁹:

- Útgerðir án eigin vinnslu sem senda megnið af sínum afla á erlenda markaði. Þessi flokkur stendur fyrir um 40% af gámaútlutningnum.
- Útgerðir með eigin vinnslu sem senda hluta af sínum afla á erlenda markaði. Oft á tíðum taka þessar útgerðir þorskaflann til eigin vinnslu, en flytja út hluta af öðrum afla. Þessi flokkur stendur fyrir um 40% af gámaútlutningnum.
- Útgerðir sem leggja upp megnið af sínum afla til innlendra fiskmarkaða, en velja þó stundum að senda aflann út í gámum á erlenda uppboðsmarkaði. Uppistaðan í þessum flokki eru smábátaútgerðir, en einnig er nokkuð af einstaklingsútgerðum í hópnum sem gera út smáa- eða meðalstóra „vertíðabáta“. Þessi flokkur stendur fyrir um 5% af gámaútlutningnum.
- Útlutningsfyrirtæki án útgerðar sem kaupa fisk á mörkuðum til að senda á erlenda uppboðsmarkaði eða hafa milligöngu um kaup fyrir erlenda kaupendur. Þessi flokkur stendur fyrir um 15% af gámaútlutningnum.

Mikið er einnig flutt út af heilfrystum (haus- og sporðskornum) karfa og grálúðu.¹⁰ Ef litið er á þær afurðir sem heilan „óunninn“ fisk má halda því fram að meira en helmingur karfaaflans og því sem næst allur grálúðuafliinn fari í raun óunninn úr landi. Nokkuð er einnig flutt út af heilum frosnum bolfiski t.d. um 500 tonn á ári af þorski og nálægt 2.000 tonn af ýsu, en þar er yfirleitt um undirmálsfisk að ræða.

3 Nýting í framtíðinni

Í þessum kafla verður gengið út frá þeirri forsendu að allur afli sem veiddur er í íslenskri lögsögu sé unninn á Íslandi. Þetta er að sjálfsögðu mikil einföldun og má leiða líkur að því að þetta sé ekki alltaf hagkvæmasta lausnin. En þrátt fyrir ýmsa annmarka á þessari aðferð gefur hún þó væntanlega til kynna hvar helstu sóknarfæri séu að finna varðandi bættu nýtingu og aukna verðmætasköpun. Hins vegar er mælt með að í framhaldi af þessari skýrslu verði framkvæmd kostnaðar-hagkvæmnigreining (cost-benefit analysis) fyrir einstaka vinnslumöguleika sem nefndir eru. Mikilvægt er að sú greining taki til allrar virðis kedjunnar

og þar með kostnað við að færa hráefni að landi. Við þá greiningu er jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga að ekki er nægilegt að reikna eingöngu framlegð útgerðar, heldur þarf að taka með í reikninginn allan þann virðisauka og kostnað sem til fellur við veiðar, vinnslu, flutning og markaðssetningu. Einungis með slíkri nálgun næst raunhæft mat á það hvort þjóðhagslega hagkvæmt sé að sækja hráefni til vinnslu mismunandi afurða.

3.1 Nýting hráefnis sem fellur til um borð í frystiskipum

Á frystiskipum fellur til margskonar hráefni sem mögulegt er að nýta betur en gert er í dag. Ástæða þess að hráefnið er ekki nýtt eins og kostur er við núverandi aðstæður, er í flestum tilvikum sú að ekki er talið fjárhagslega arðbært fyrir útgerðina að nýta það um borð eða koma með það að landi. Einn helsti ásteytingarsteinninn hvað þetta varðar er plássleysi, en þröng aðstaða um borð í stórum hluta frystitogaraflotans gerir mönnum mjög erfitt fyrir með vinnslu og geymslu á aukaafurðum. Í einhverjum tilvikum er þörf á fjárfestingu til að hægt sé að nýta hráefni og/eða koma með það óunnið að landi. Núverandi vaxtastig og óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunar hvetur almennt ekki til fjárfestinga í frystiskipum, frekar en í sjávarútvegi almennt. Einnig er líklegt að fyrirkomulag kjarasamninga sjómanna hafi hér eitthvað að segja. Ýmsar ástæður kunna því að liggja að baki þeirri staðreynd að nýting þorskafla frystitogara er lakari en í landvinnslu, en í eftirfarandi vangaveltum um bættu nýtingu þorskafla um borð í frystitogurum verður aðeins lagt mat á mögulega verðmætaaukningu miðað við að allt hráefni berist að landi. Hins vegar verður ekki lagt mat á arðsemi þeirra breytinga sem leggja þarf úti til að þetta verði mögulegt. Ljóst er þó að slíkrar arðsemisúttektar er þörf í framhaldi af þessari skýrslu til að leggja mat á raunhæfni tillagna um bættu nýtingu.

3.1.1 Afskurður

Í tilraun til að áætla afskurðarnýtingu frystiskipaflotans og möguleika á bættri nýtingu afskurðar sem til fellur við sjófrystingu, voru gögn frá Fiskistofu um landaðar þorskaflurðir frystiskipa á fiskveiðiárinu 2008/09 notaðar til að greina mögulegt magn af afskurði sem fallið gæti til á ári hverju hjá frystitogarafлотanum og hvort það magn væri að skila sér í land. Skipin veiddu samanlagt á tímabilinu 27.765 tonn af þorski (slægt) og fór 49% aflans til framleiðslu á roðlausum flökum með beini og 33% til framleiðslu á roðlausum beinlausum flökum, eins og sjá má á Mynd 7.



Mynd 7: Ráðstöfun þorskafla frystiskipa fiskveiðiárið 2008/09 eftir tegund vinnslu

Við mat á mögulegu magni afskurðar frá hverju skipi þurfti að sjálfsgöðu að taka tillit til þess hvaða afurð verið var að framleiða í hvert og eitt skipti. Stuðst var við nýtingarstuðla Fiskistofu yfir meðalnýtingu afurða vinnsluskipa (áunnin nýting) og rannsóknir Rf yfir nýtingarstuðla í vinnslu þorskaflurða (Fiskistofa 2009¹¹, Brynjólfur Eyjólfsson o.fl. 2001¹²). Nýtingastuðlarnir sem sjá má í Töflu 5 sýna meðaltalsnýtingu alls flotans, en ljóst er að þessir stuðlar eru breytilegir milli skipa, árstíma, veiðisvæða, stærðardreifingu afla o.s.frv.

Tafla 5: Nýtingastuðlar eftir tegund flakavinnslu

Afurð	Flakanýting	Afskurðanýting	Haushlutfall
MR/MB	48,5%	2,0%	34,5%
RL/BL	39,9%	9,5%	34,5%
RL/MB	43,8%	5,0%	34,5%

Rétt er að hafa í huga að við kvótaútreikninga styðst Fiskistofa við áunna nýtingastuðla fyrir hvert einasta skip, en töluverður munur getur verið á þessum stuðlum milli skipa.

Niðurstöður útreikninganna sýna að skipin hefðu fræðilega séð átt að koma með um 1.651 tonn af afskurði í land á tímabilinu, en raunverulegt magn var 1.181 tonn (sjá viðauka 7). Þarna skeikar 470 tonnum, en þó þarf að hafa í huga að lítil breyting á nýtingastuðlum hefur afgerandi áhrif á þessa niðurstöðu. Þessi 470 tonn eru 1,6% af slægðum afla og ef þau hefðu komið í land hefði aflaverðmæti þeirra verið um 56 milljónir króna. Útflutningsverðmæti afurða hefði verið talsvert hærra, en það kynni að liggja á bilinu 100-600 milljónir króna, allt eftir því hvaða afurð hefði verið unnin úr hráefninu eins og sjá má í Töflu 6.

Tafla 6: Mögulegt aukið verðmæti afskurðar sem ekki skilar sér í land

Möguleg verðmætaaukning vegna afskurðar	
Mögulegt magn af afskurði (tonn)	1.651
Raunverulegt magn af afskurði (tonn)	1.181
Mism á reiknuðu og raun (tonn)	470
Aflaverðmæti á kg	120
Mögulegt aukið aflaverðmæti (þús. kr)	56.400
Vinnslunýting í landi - marningur	90%
Afurðaverðmæti á kg - marningur (meðalverð 2009 samkv. Hagstofunni)	276
Mögulegt aukið útflutningsverðmæti (þús. kr)	116.818
Vinnslunýting í landi - afskurður	100%
Afurðaverðmæti á kg - afskurður (2,6 €)	468
Mögulegt aukið útflutningsverðmæti (þús. kr)	219.960
Vinnslunýting í landi - afskurður unnin í salt	80%
Afurðaverðmæti á kg - afskurður unnin í salt (3,8 €)	684
Mögulegt aukið útflutningsverðmæti (þús. kr)	257.184

Ekkert bendir til annars en að nægir markaðir séu til fyrir aukið magn útfluttra afurða úr afskurði. Megnið af afskurði frystiskipa er unninn í saltaðar afurðir í landi og hluti afskurðar fer í marningsvinnslu. Sérstök ástæða er til að benda á góðan árangur sem fyrirtækið Norðurströnd ehf. á Dalvík hefur náð í að auka verðmæti afskurðar frá þorskvinnslu, með framleiðslu á svokölluðum saltfiskmottum úr afskurði, en motturnar eru aðallega seldar til Spánar og Frakklands þar sem þær eru nýttar sem álegg á flatbökur (3,8 €/kg).

3.1.2 Hausar

Í tilraun til að áætla hugsanlega verðmætaaukningu sem mögulegt væri að skapa ef allir þorskhausar frá frystiskipaflotanum kæmu í land var beitt svipuðum útreikningum eins og gerðir voru vegna afskurðar hér að framan. Stuðst var við gögn Fiskistofu um landaðar þorskafurðir frystiskipa á fiskveiðiarinu 2008/09 til að greina mögulegt magn af hausum sem fallið gætu til á ári hverju hjá frystitogarafлотanum. Við útreikninga á hausanýtingu var gert ráð fyrir 34,5% hausanýtingu, sem er meðaltalsstuðull sem Fiskistofa hefur reiknað út ú frá áunnum nýtingastuðlum einstakra frystiskipa. Rétt er þó að hafa í huga að þetta er meðaltalshlutfall hausanýtingar, en í raunveruleikanum rokkar þetta hlutfall milli 30-36% milli skipa, veiðisvæða, árstíma, stærðardreifingar afla o.s.frv. Til samanburðar má geta þess að hausanýting í flakavinnslu í landi er talsvert lægri, gjarnan á bilinu 26-30% (yfirlétt hausað með klumbu á sjó, en án klumbu í landi). Orsakir þessa munar liggja að líkindum annarsvegar í hraðari vinnubrögðum á hafi úti (sem er nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar vinnslu) samanborið við landvinnslu og hins vegar í mismunandi hausurum, en hausarar á frystiskipum eru alla jafna ekki stilltir fyrir eina tegund eða stærð afla. Hausarar í landvinnslu eru hins vegar stilltir fyrir mismunandi tegundir og stærðir. Þetta hefur meðal annars í för með sér að hluti af hnakkastykki fylgir jafnan með hausnum, en það eykur að sjálfsögðu hausanýtingu á kostnað flakanýtingar. Þrátt fyrir að hausinn sé svo stórt hlutfall af „framleiðslu“ frystitogaranna er mikill misbrestur á því að komið sé með þessa hausa í land. Á fiskveiðiarinu 2008/09 komu aðeins 8 af 21 frystiskipi með hausa að landi og einungis þrjú komu með meira en helminginn af áætluðu magni að landi (miðað við gefnar forsendur). Sé gengið út frá því að hausar hafi fallið til við flakavinnslu og við vinnslu á hausskornum þorski (ekki gert ráð fyrir hausum frá ísfiski, heilfrystingu og undirmáli) má gera ráð fyrir að 9.133 tonn af hausum hafi fallið til við þessa vinnslu. Hins vegar skiluðu sér aðeins 567 tonn

að landi þ.e.a.s. 6,2% (sjá viðauka 8). Þarna munar 8.566 tonnum sem hefðu getað skilað auknu aflaverðmæti upp á rúmar 300 milljónir og útflutningsverðmætum upp á um 930 milljónir, eins og sjá má í Töflu 7.

Tafla 7: Mögulegt aukið verðmæti þorskhausa sem ekki skilar sér í land

Möguleg verðmætaaukning vegna hausa	
Mögulegt magn af hausum (tonn)	9.133
Raunverulegt magn af hausum landað (tonn)	567
Mism. á reiknuðu og raun (tonn)	8.566
Aflaverðmæti á kg (0,3 \$)	39
Mögulegt aukið aflaverðmæti (þús. Kr)	334.074
22% vinnslunýting í landi (tonn)	1.885
Afurðaverðmæti á kg (3,8 \$)	494
Mögulegt aukið útflutningsverðmæti (þús. kr)	930.953

Mikil eftirspurn er eftir þurrkuðum þorskhausum, enda hefur framboðið dregist jafnt og þétt saman á síðustu árum. Það er því líklegt að aukið magn myndi ekki einungis seljast vel, heldur einnig verja núverandi markaði fyrir ágangi staðkvæmdarvöru frá keppinautum.

Vert er að hafa í huga að mögulegt er að vinna ýmsar aðrar afurðir úr þessu hráefni en bara þurrkaða hausa. Þar má til að mynda nefna afurðir úr gellum, kinnum og fiskfésúsum; en megnið af þessum afurðum eru saltaðar og eru stærstu markaðirnir á Spáni og Portúgal (Hagstofan 2010¹³). Árið 2008 voru flutt út 3.500 tonn af gellum, kinnum og fésúsum að andvirði 1,1 milljarður króna. Ef allar afurðir úr þorskhausum eru lagðar saman var útflutningsverðmæti þeirra árið 2008 nálægt 5 milljarðar króna. Við nýtingu á þorskhausum af frystitogurum þarf að hafa í huga að togarafiskur er jafnan minni en fiskur frá öðrum útgerðaflokkum, en smærri hausar eru óhentugir til vinnslu á gellum og kinnum.

3.1.3 Hryggir/beingarðar/dálkar

Við flökun á þorski fellur til hryggur með sporði sem telur um 15% af þyngd slægðs fisks, við snyrtingu er skorinn burtu beingarður sem er um 3% af þyngd fisksins og við flatningu er skorinn burtu dálkurinn sem er um 8% af þyngdinni. Í landvinnslu er þetta hráefni jafnan nýtt eins og kostur er, enda eru til dæmis þurrkaðir hryggir vinsæl söluvara víða um heim og er vinnsla þeirra tiltölulega einföld hér á landi þar sem nægur aðgangur er að ódýrri og umhverfisvænni orku. Þetta hráefni berst hins vegar ekki að landi frá frystiskipum í dag, en viss vandkvæði eru við að frysta og geyma hryggina um borð í frystiskipum. Bæta þyrfti við frystitækjum og finna pláss um borð í skipunum til að geyma afurðirnar, en pláss um borð í frystitogurum er almennt af skornum skammti eins og þekkt er.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að verðmæti beingarðs byggir í raun á því fiskholdi sem á honum hangir eftir vinnslu. Því meira fiskhold sem hangir utan á beingarði eftir vinnslu, því verðmætari er hann. Það er hins vegar alveg ljóst að það fiskhold sem hangir eftir á beingarði hefði átt að fylgja meginafurðinni, þ.e flökunum. Það er því í eðli sínu ekki eftirsóknarvert að beingarðar séu verðmætir. Þessi staða er sambærileg við hausanýtingu. Eftir því sem meira hold fylgir hausnum, því verðmætari er hann. Það hold sem fylgir hausnum er hins vegar ekki selt sem flak og því er í eðli sínu ekki eftirsóknarvert að hámarka virði hausanna, heldur heildarmagns þeirra afurða sem vinna má úr veiddum fiski. Það verður án nokkurs

vafa best gert með því að hámarka magn verðmætustu afurðanna þ.e.a.s. flakanna. Því er mikilvægt að horft sé til þess að lágmarka það fiskhold sem fylgir annarsvegar hausnum og hins vegar beingarði, og jafnframt að nýta allan þann afskurð sem til fellur við eðlilega snyrtingu flakanna.

3.1.4 Hrogn, svil og lifur

Hrogn eru almennt hirt um borð í frystiskipum yfir hrognatímann, en á fiskveiðiárinu 2008/09 komu frystiskip með um 140 tonn að hrognum að landi, sem er 0,9% af þorskafla skipanna miðað við slægðan afla (sjá viðauka 6). Ekki er gott að segja til um hvort hægt væri að auka þetta hlutfall að einhverju ráði þar sem stærðardreifing aflans hefur afgerandi áhrif á hrognahlutfallið, auk þess sem vinnslubúnaður um borð í skipunum veldur oft skemmdum á hrognasekkjunum, en sekkirnir þurfa að vera heilir til að tryggja að bestu markaðsverðin fáiist fyrir þau. Svipaða sögu er að segja af svilunum og lifrinni, en vandkvæði við að safna þeim saman og vinna áfram valda því að mjög lítið er komið með af þessum afurðum í land. Viss vandamál hafa verið við að nýta sjófrysta lifur í niðursuðu þar sem nauðsynlegt er að snyrta hana fyrir frystingu, en eftir frostgeymslu þolir hún mjög illa hnjask og erfitt að hreinsa hana.

Þó að ýmis vandkvæði séu því fylgjandi að auka nýtingu þess hráefnis sem til fellur um borð í frystiskipum, þá er mikilvægt að hagsmunaaðilar horfi til þeirra í sameiningu með opnum huga og líti á þau sem tækifæri fremur en vandamál.

3.2 Nýting hráefnis sem fellur til við vinnslu í landi

Það er að sjálfsögðu víðar en á frystiskipum sem til fellur hráefni sem mögulega mætti nýta betur en gert er í dag. Í þessum kafla verður fjallað um nokkrar gerðir hráefnis sem skapað gætu verðmæti umfram það sem gerist í dag, þ.e.a.s. ef allt hráefni bærisk að landi og væri nýtt til fulls. Þetta hráefni er meðal annars lifur, hrogn, svil og hausar.

3.2.1 Lifur

Miðað við 150 þúsund tonna þorskafla á ári ættu að falla til um 7.500 tonn af þorsklifur á ári hverju þ.e. miðað við 5% lifrarhlutfall (Kristín A. Þórarinsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir og Sigurjón Arason 2005).¹⁴ Að sögn Katrínar Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Lýsis hf., voru unnin um 3.500 tonn af lifur hjá fyrirtækinu árið 2009, en ekki liggur alveg ljóst fyrir hver heildareftirspurn Lýsis hf. væri ef framboð væri nóg, hins vegar er ljóst að fyrirtækið gæti tekið við umtalsvert meira magni hráefnis en það gerir í dag (Katrín Pétursdóttir 2010).¹⁵

Mikil aukning hefur orðið í framleiðslu á niðursoðinni lifur á undanförunum árum og var útflutningsmagnið árið 2008 til að mynda um 980 tonn og verðmætin um 470 milljónir króna. Árið 2009 var útflutningsmagnið komið í 1.350 tonn að verðmæti 850 milljónir króna (Hagstofan 2010).¹⁶ Í dag eru sex fyrirtæki sem sjóða niður lifur, en þau nota nær eingöngu þorskalifur í vinnsluna. Fyrirtækin eru (Fiskistofa 2010):¹⁷

- Akraborg ehf. - Akranesi
- Fram Foods Island hf. - Reykjanesbæ
- Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. - Súðavík
- Ice-West ehf. - Grindavík
- MC 09 ehf. - Sandgerði

- Vignir G. Jónsson ehf. - Akranesi

Þar að auki er Ora hf. með framleiðslu á lifrarkæfu sem í er notuð þorsklifur. Á árinu 2008 voru einnig flutt út um 33 tonn af frystri fisklifur til Danmerkur og Færeyja, en sá útflutningur lagðist nær algjörlega af árið 2009, var aðeins 300 kg (Hagstofan 2010).¹⁸ Langstærsti hluti manneldisvinnslu á lifur kemur úr þorsklifur, mikilvægt er þó að hafa í huga að hægt er að nýta lifur annarra fisktegunda. Nokkuð af ufsalifur var t.a.m. flutt út frosin á árinu 2008, en í kjölfar falls krónunnar hefur nýting á lifur aukist, enda eftir meiru að slægjast en áður. Þó má vera ljóst að frekari möguleikar eru á bættri nýtingu á lifur t.a.m. frá frystiskipum. Líklegt er að finna megi frekari markaði fyrir lifur, væri nýting hennar aukin. Jafnframt verður að teljast afar líklegt að nýta megi frekar líftæknilega vinnsluferla til að auka enn frekar á þá verðmætasköpun sem á sér stað við vinnslu lifur.

3.2.2 Hrogn

Nýting hrogna í landvinnslu byggir að miklu leyti á því að afli berist óslægður að landi. Hrogn úr langstærstum hluta þess afla sem berst óslægður að landi eru nýtt, auk þess sem flest ísfiskskip safna hrognum um borð yfir hrognatímamann. Þó er ljóst að enn má bæta nýtingu hrogna, bæði hvað varðar magn og gæði. Töluverður munur er á verðmætum hrognaafurða, en ekki er hægt að nota sprungin eða runnin hrogn við framleiðslu á dýrustu afurðunum.

Á árunum 2008 og 2009 var heildarútflutningur þorskrogna um 2.000 tonn að verðmæti um 1,1 milljarður króna hvort ár. Sem dæmi um þá möguleika sem legið geta í auknu verðmæti þorskrogna má nefna að á árinu 2008 nam útflutningur á niðursoðnum þorskrognum alls 120 tonnum, en árið 2009 var hann kominn upp í 256 tonn, þ.e. 110% aukning milli ára.

